SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

# MINNISBLAÐ MILLIÞINGANEFNDA

## VEGNA ÁRSÞINGS SASS 2023

25. ágúst 2023

# Um milliþinganefndir

Fyrir komandi ársþing fara milliþinganefndir yfir þau málefni sem helst brenna á kjörnum fulltrúum sveitarfélaga og tengjast málaflokki nefndarinnar.

Eftirtaldar nefndir verða að störfum fyrir komandi ársþing en það er skv. samþykktum:

| **Heiti nefndar** | **Formaður** | **Starfsmaður nefndar** |
|---|---|---|
| Allsherjarnefnd | Árni Eiríksson | Þórður Freyr Sigurðsson |
| Mennta- og menningarmálanefnd | Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir | Katrín Þrastardóttir |
| Umhverfis- og skipulagsnefnd | Margrét Harpa Guðsteinsdóttir | Elísabet Björney Lárusdóttir |
| Velferðarnefnd | Brynhildur Jónsdóttir | Harpa Elín Haraldsdóttir |
| Atvinnumálanefnd | Arnar Freyr Ólafsson | Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir |
| Samgöngunefnd | Njáll Ragnarsson | Ingvi Már Guðnason |
| Fjárhagsnefnd | Einar Freyr Elínarson | Bjarni Guðmundsson |
| Kjörbréfa- og kjörnefnd | Aldís Hafsteinsdóttir | Ingvi Már Guðnason |

Í töflunni hér að ofan má sjá hver er **formaður einstakra nefnda**. Formenn eru skipaðir af stjórn SASS og sitja í stjórn samtakanna en formaður kjörbréfa og kjörnefndar, Aldís Hafsteinsdóttir, var kosin á auka aðalfundi SASS í júní 2022. Í töflunni má einnig sjá hvaða starfsmaður á vegum SASS sinnir **hlutverki starfsmanns nefndar**.

**Skipan þingfulltrúa í milliþinganefndir** byggir á slembiúrtaki þeirra sem sóttu ársþing SASS 2022. Komi fram sérstök ósk getur þingfulltrúi óskað eftir að verða fluttur í aðra nefnd. Allir fulltrúar í milliþinganefndum taka þátt í framvindunni og koma með ábendingar. Milliþinganefndir verða kallaðar saman í ágúst/september nk.

**Málefni til umfjöllunar:** Í viðauka 1 má sjá hvaða grunnur að umræðuefnum hver nefnd skal hafa til hliðsjónar. Ásamt þeim verða til umfjöllunar umræðupunktar frá vinnufundi stjórnar, sem haldin er í september 2022 og sjá má í viðauka 2. Á vinnufundi stjórnar var staðan metin ásamt því að rætt var um áherslur og forgangsröðun á næstu árum og misserum. Umræðan er hugsuð sem fyrsta skrefið í áætlunum stjórnar og að umræðupunktar og niðurstöður gagnist milliþinganefndum við sína vinnu. Allt skref sem hjálpa okkur við að hafa skýrari sýn á starfið.

**Lok nefndarstarfa:** Miðað er við að nefndir ljúki vinnu sinni í síðasta lagi **5. október nk.** þannig að hægt sé að senda niðurstöður með þinggögnum. Á ársþinginu er gert ráð fyrir að formenn geri grein fyrir helstu niðurstöðum nefndarinnar, kynni forgangsröðun á tillögum að ályktunum og í framhaldi af kynningunni fari fram umræður. Hver formaður heldur stutta kynningu og skal senda SASS 2-3 glærur sem settar verða saman í einn glærupakka frá öllum nefndum til kynningar á ársþingi. Endanlegar og samþykktar niðurstöður ársþingsins eru hugsaðar sem vegvísir að áherslum í starfsemi samtakanna á komandi starfsári og leggja grunn að starfsáætlun en einnig skal horft allt til loka kjörtímabilsins 2026.

## Niðurstaða nefnda

Nefndin skal skila af sér að hámarki tveimur blaðsíðum til SASS, sjá skapalón og dæmi í viðauka 3, þar sem eftirfarandi kemur fram:

A. Hverjar eru helstu áskoranir eða tækifæri í tengslum við málefni nefndar
*Nokkrar setningar þar sem fram koma helstu áskoranir eða tækifæri í tengslum við málefni nefndar. Textinn skal vera skýr og tengjast málefni nefndarinnar beint.*

B. Tillögur nefndar í formi skriflegra ályktana
*Ályktunum skal forgangsraðað og skal miðað við að séu ekki fleiri en fimm frá hverri nefnd. Ályktanir skulu vera þingtækar og að forminu til tilbúnar til afgreiðslu á þinginu. Það felur m.a. í sér að þær séu skýrar, skorinortar og að þær tengist málaflokki nefndarinnar beint. Á ársþingi þurfa þingfulltrúar að geta svarað ályktunum með einföldu jái eða neii.*

C. Tillögur nefndar í formi aðgerða eða verkefna
*Tillögum að verkefnum skal forgangsraða og skal miða við að fjöldi fari ekki yfir 5 frá hverri nefnd. Tillögurnar skulu vera skýrar, aðgreindar frá tillögum ályktunum og tengjast málaflokki nefndarinnar beint. Þeim skal öllum vera beint til stjórnar, hvort sem um er að ræða verkefni fyrir stjórna, áhersluverkefni eða verkefni annara stoðstofnana. Nefndir skulu forðast að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga en sé það gert skal koma fram tillaga að því hvernig það skuli fjármagnað eða af hverju skuli tekið.*

D. Forgangsröðun á lykiláherslum sem stjórn setti fram á vinnufundi
*Hér skal forgangsraða lykiláherslum sem stjórn SASS hefur stillt upp á vinnufundi, sjá viðauka 2. Þessi liður felur í sér að ræða ýmis málefni sem ekki tengjast nefndinni beint. Því er gott að taka þessa vinnu fyrir á lokafundi nefndarinnar þegar tillögur að ályktunum og verkefnum er lokið.*

## Hlutverk og verklag nefnda

**Hlutverk formanns nefndar:**

- Formaður skal á fyrsta fundi fara vel yfir verklag og hvers er ætlast til af nefndarmönnum.
- Formaður stýrir vinnunni og sér til þess að farið sé eftir verklagi.
- Formaður heldur nefnd við málefni nefndarinnar og umræðupunktana sem liggja fyrir.
- Á hverjum fundi fer formaður með framsögu eða skýringar á umræðuefni sem taka á fyrir og stöðu vinnu nefndarinnar á þeim tímapunkti.
- Formaður sér til þess að niðurstöðum nefnda, hámark 2 blaðsíður, sé skilað til SASS fyrir tilsettan tíma, 5. október nk.
- Formaður setur niðurstöður jafnframt fram á 2-3 glærur og sendir á SASS. Öllum glærum frá nefndum verður komið fyrir í einni sameiginlegri glærukynningu fyrir ársþingið.
- Formaður undirbýr framsögu á ársþingi þar sem niðurstöður nefndar koma fram. Í framsögu getur formaður jafnframt greint frá þeim umræðum sem fóru fram á nefndarfundum jafnvel þó að þær hafi ekki rúmast innan lokaniðurstöðu nefndar eða tengist ekki beint málaflokki nefndarinnar.
- Formaður kynnir niðurstöður nefndarinnar í stuttu máli á ársþingi SASS

**Hlutverk starfsmanns nefndar:**

- Starfsmaður sér um að halda fundargerðir og skrifa niður punkta nefndar.
- Starfsmaður skal boða til nefndarfunda með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Jafnvel má senda fundarboð á alla fyrirhugaða fundi í upphafi tímabils. Mælt er með að kanna hvenær hentar best að halda fundi með „doodle-könnun“ eða einhverju svipuðu.

**Hlutverk nefndar:**

- Nefndarmenn mæti á fundi eftir bestu getu og taki þátt í umræðum.
- Nefndarmenn mæti undirbúnir á fundi með málefni og umræðupunkta nefndar í huga.
- Eftir bestu geti komi nefndarmenn með tillögur að ályktunum fyrir ársþing eða verkefnum til stjórnar SASS sem þá eru lagðar eru fyrir umræðu nefndar.

**Almennt:**

- Nefndarfundi skal halda í fjarfundi. Gera má ráð fyrir að hver nefnd þurfi að halda fjóra til fimm fundi. Gott er að hefja vinnuna um 6 vikum fyrir lokaskil.
- SASS skipuleggur vinnufund með formönnum og starfsmönnum nefnda áður en starfið hefst þar sem farið verður yfir verklag með leiðbeiningum og sniðmát til að fylla út í, sjá viðhengi 3.
- Nefndarmenn, formaður og starfsmaður nefndar hafi í huga að ályktanir og verkefni hafi tengingu við Sóknaráætlun Suðurlands. Þannig er mikilvægt að það sem lagt er fram uppfylli markmið eða áherslur áætluninnar. Sjá Sóknaráætlun Suðurlands hér.

Vakni einhverjar spurningar um vinnuna er formaður og/eða starfsmaður nefndar hvattur til að setja sig í samband við Bjarna Guðmundsson framkvæmdastjóra SASS, bjarni@sudurland.is eða Þórð Frey Sigurðsson sviðsstjóra Þróunarsviðs, thordur@sass.is.

## Tímalína



# Viðauki 1 – Umræðupunktar nefnda

## Allsherjarnefnd

- Sóknaráætlun 2020 - 2024
- Byggðaáætlun - Sértæk verkefni, framvinda
- Lagaumhverfi landshlutasamtaka
- Efling sveitarstjórnarstigsins - áhrif sameiningar
- Styrkjaumhverfið – óskipulag stoðkerfis
- Byggðaþróunarfulltrúi

## Atvinnumálanefnd

- Orkuframboð
- Staða atvinnumála - atvinnuþróun
- Afhendingaröryggi raforku
- Þriggja fasa rafmagn
- Háhraðatenging og háhraðatenging í þéttbýli sem er í dreifbýli
- Samstarf við stoðstofnanir
- Úrræði í húsnæðismálum
- Störf óháð staðsetningu
- Jöfnun flutningskostnaðar
- Atvinnuleysi/skortur á vinnuafli
- Ráðgjafaþjónusta fyrir nýsköpun / Byggðaþróunarfulltrúar

## Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur SASS 2022
- Fjárhagsáætlun SASS 2024
- Tillaga að launum stjórnar og nefnda/ráða
- Tekjustofnar sveitarfélaga s.s. gistináttagjald
- Urðunarskattur
- Framlög til Sóknar- og Byggðaáætlunar
- Áfangastaðastofa
- Fjármögnun ráðgjafar

## Mennta- og menningarnefnd

- Menntunarstig í landshlutanum
- Framboð og aðgengi að (háskóla)menntun á Suðurlandi, þ.m.t. fjarnámi.
- Tengsl skóla og atvinnulífs
- Sí- og endurmenntun
- Íslenskunám fyrir nýbúa á Suðurlandi
- Heimavist við FSu (byrjaði aftur haustið 2020)
- Menningarhús á Suðurlandi
- Samstarf í menningarmálum
- Sinfóníuhljómsveit Suðurlands
- Héraðsskjalasöfn
- Fjölmenning
- Vantar háskóla á Suðurland?

## Samgöngunefnd

- Samgönguáætlun SASS 2023 – 2032
- Samgönguáætlun 2024 - 2038 og aðgerðaáætlun til fimm ára 2024-2028
- Umferðaröryggi (einbreiðar brýr, yfirborð vegar)
- Grynnslin við Höfn, Þorlákshöfn og aðrar hafnir á Suðurlandi
- Flug - alþjóðlegur flugvöllur
- Almenningssamgöngur
- Fjarskipti
- Vegtollar, flýtigjald, notendagjald
- Vetrarþjónusta

## Umhverfis- og skipulagsnefnd

- Kortavefur Suðurlands
- Samvinna sveitarfélaga
- Samræmd sorpflokkun
- Endurgreiðsla vsk af fráveituframkv.
- Aðgerðaráætlun Sunnlendinga í loftslagsmálum
- Landnýtingaráætlun fyrir Suðurland
- Umhverfis Suðurland (áhersluverkefni)
- Loftlagsáætlanir sveitarfélaga
- Pay-as-you throw
- Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs
- Svæðisáætlun suðurhálendis

## Velferðarnefnd

- ART verkefnið
- Hjúkrunarheimili og -rými
- HSU – heilbrigðisþjónusta
- Löggæsla og sýnileiki hennar
- Sjúkraflutningar, þ.m.t. sjúkraþyrla
- Sigurhæðir – velferðarverkefni
- Farsæld barna
- Umdæmisráð í barnavernd
- Málefni fatlaðara
- Heilsuefling aldraðra
- Öldrunarþjónusta
- Lýðheilsa

# Viðauki 2 – Vinnufundur stjórnar 2022



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Vinnudagur stjórnar

Landhóteli

15. september 2022

Samantekt

artemis

Eftirfarandi eru helstu punktar úr umræðum á vinnudegi stjórnar SASS sem var haldinn á Landhóteli fimmtudaginn 15. september 2022. Umsjón með fundi hafði Haraldur Á. Hjaltason ráðgjafi frá Artemis.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Upphafsorð formanns - Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Starfsemi SASS – Bjarni Guðmundsson
Staða og horfur / Hópstarf og umræður
Sýn til 2026 / Umræður
Lykiláherslur SASS 2022-2023 / Umræður
Störf stjórnar / Umræður
Lokaorð formanns – Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Markmið með vinnunni var að meta núverandi stöðu og ræða áherslur og forgangsröðun á næstu árum og misserum.

Umræðan var hugsuð sem fyrsta skrefið í áætlunum stjórnar og gert ráð fyrir að niðurstöðurnar verði útfærðar nánar síðar.

Þátttakendur:

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppi
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþingi ytra
Njáll Ragnarsson, Vestmannaeyjabæ
Árni Eiríksson, Flóahreppi
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerðisbæ
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélaginu Árborg
Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS

Á eftirfarandi síðum eru niðurstöður úr umræðum um stöðu og horfur, áherslur SASS og störf stjórnar.

## Staða og horfur

Hópar ræddu um innra umhverfi SASS (eigin starfsemi) og greindu helstu styrkleika og það sem betur má fara. Niðurstöður úr hópvinnunni og umræðum eru eftirfarandi:

Styrkleikar

- Samheldni í sveitarfélögunum óháð stærð og staðsetningu
- Aðgangur að mannauði sem nýtist til að styðja við nýsköpun og þróunarstarf
- Fjölbreytileiki á svæðinu endurspeglast í stjórn og á þingum samtakanna
- Öflug sveitarfélög og vöxtur á svæðinu
- Áhugi á SASS meðal kjörinna fulltrúa
- Sameiningarafl
- Samræming á áherslumálum
- Sóknaráætlun Suðurlands
- Ráðgjafar/mannauður
- Uppbyggingarsjóður
- Hagsmunagæsla á Suðurlandi
- Uppbyggingarsjóður er hvetjandi fyrir frumkvöðla
- Áhersluverkefnin jákvæð – sýnileiki
- Stórt tengslanet með samstarfsaðilum sem við erum með samninga við
- Mikill sveigjanleiki – SASS er fljótt að bregðast við
- Uppruni – heimafólk – sem brennur fyrir svæðin okkar

Atriði sem betur mega fara

- Mætti auka fjölbreytileika atvinnulífs þ.m.t. matvælaframleiðslu o.fl. og fókusera uppbyggingarstarf SASS í fleiri áttir
- Vantar mælanleg markmið stjórnar þannig að við getum fylgst með árangri yfir næstu 4 ár
- Má efla enn frekar mannauð til að vinna fyrir öll sveitarfélögin á svæðinu
- Setjum stundum fókus á hluti sem skipta landshlutann litlu máli – snýr að forgangsröðun
- Staða samtakanna í stjórnsýslu er veik – er ekki með umboð
- Spurning hvort samtökin séu að bólgna út
- Er mögulega of mikil áhersla á menningu á kostnað verðmætasköpunar?
- Markmið mættu vera skýrari
- Sýnileika mætti auka „hvað við stöndum fyrir“
- Getum verið öflugri í fréttaflutningi
- Notkun samfélagsmiðla mætti auka
- Er líka styrkleiki: Mörg aðildarsveitarfélög

Hópar ræddu einnig um ytra umhverfi SASS og greindu helstu tækifæri og ógnanir. Niðurstöður úr hópvinnunni og umræðum eru eftirfarandi:

Tækifæri

- Ódýr og aðgengileg orka á Suðurlandi
- Aukin fjárfesting
- Bættar vegasamgöngur – hefur m.a. áhrif á atvinnusvæðið og fjölbreytni í atvinnulífi
- Heilsársferðamenn – aukinn stöðugleiki
- Hlýnun getur skapað tækifæri í landbúnaði
- Aukið framboð í fjarnámi – háskólanám, iðnnám
- Hátt menntunarstig
- Spennandi ólíkir byggðakjarnar
- Fjölbreytt menning og náttúra
- Erlendir íbúar – ólíkir hópar fólks með víðtæka þekkingu
- Tækifæri í ferðaþjónustu – m.a. sérhæfing
- Bættar samgöngur – öryggi
- Menning – Menntun – Mannlíf
- Fjölbreyttari atvinna samhliða öflugri ferðaþjónustu
- Fjarmenntun og fjarvinna
- Fjölmenning – t.d. flóttafólk sem kemur með nýja menningu, ný tækifæri o.fl.
- Tækniframfarir – ræktun og matvælaframleiðslu
- Frekari fullvinnsla afurða

Ógnanir

- Kjarasamningar eru lausir
- Vöntun á starfsfólki – veldur m.a. auknu álagi í félagsþjónustu
- Áskoranir eru varðandi loftslagsmál – m.a. óskýr lagarammi
- Lágt menntunarstig
- Náttúruvá
- Efnahagsástandið almennt – m.a. verðbólga og staða erlendis
- Vinnuafl er takmarkað – vantar í margar fagstéttir
- Afkastalítill infrastrúktúr – skólar takmarkaðir, samgöngur, heilbrigðiskerfið annar ekki þörfum
- Hátt hlutfall erlendra íbúa
- Húsnæðisskortur
- Hrun – hátta vaxtastig, verðbólga, SAJ
- Stríðsátök í Evrópu
- Lagaleg óvissa
- Félagsleg einangrun ólíkra hópa – t.d. innflytjendur
- Hringrásarhagkerfið – komumst við inn í það
- Þensla svæðinu (SASS) – þarf að mæta henni m.a. með innviðum

Til viðmiðunar í umræðunni voru pólitískir, efnahagslegir, félagslegir, tæknilegir, lagalegir og umhverfislegir þættir.

## Staðan 2026

Rætt var um óskastöðuna 2026 og hvaða árangur hafi náðst þá ef allt gengur að óskum.

- Ölfusárbrú verður komin
- Áætlanir ríkisins í samgöngumálum hafa gengið eftir
- Fullvinnsla afurða verður á Suðurlandi
- Græn orka á Suðurlandi verður nýtt á Suðurlandi
- Loftslagsáætlanir munu liggja fyrir hjá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi
- Úrgangsmál verða samræmd (flokkun, greiðslukerfi o.fl.)
- Vegakerfi verður stórbætt
- Heilbrigðiskerfi verður stórbætt
- Menntakerfi verður stórbætt
- Kosningar verða um sameiningu sveitarfélaga árið 2026
- Landnýting verður bætt og aukin matvælaframleiðsla
- Atvinnulíf verður fjölbreyttara og ferðaþjónusta hlutfallslega minni
- Öll sveitarfélög á Suðurlandi verða heilsueflandi og barnvæn sveitarfélög
- Jafningjafræðsla og ungmennaráð verða í öllum sveitarfélögum
- Héraðs- og tengivegir verða betri
- Sjúkraþyrla verður á Suðurlandi
- Fleira fólk mun búa á Suðurlandi með sérþekkingu og hærri tekjur (m.a. í ferðaþjónustu)
- Öflugt íslenskunám verður á svæðinu
- Alþjóðaflugvöllur verður á Suðurlandi
- Stórskipahöfn verður í Þorlákshöfn

## Lykiláherslur SASS 2022-2023

Rætt var um hvaða megináherslur ættu að vera í starfsemi SASS á til skemmri tíma. Unnið út frá sýninni til 2026 og hliðsjón af mikilvægi og forgangi.

Leitað var að fáum lykilatriðum sem verða sett á oddinn og markvisst unnið að því að árangur náist.

Niðurstaðan í umræðunni:

- Lausnir á úrgangsmálum sveitarfélaga á Suðurlandi
- Endurskoðun á samgönguáætlun SASS
- Tengja íbúa af erlendum uppruna betur við samfélagið
- Bætt heilbrigðisþjónusta
- Aukið framboð fjarnáms og menntunarstig með áherslu á ferðaþjónustu

Ofangreind atriði eru grófar yfirskriftir um lykiláherslurnar í starfi SASS sem þarf að greina betur og stilla upp sem vel afmörkuðum og skilgreindum verkefnum sem hægt er að mæla m.t.t. árangurs.

## Störf stjórnar

Í lokin var rætt um hvernig stjórnin vill starfa.

- Að mati stjórnarmanna sem ekki eru nýir hefur fyrirkomulag verið gott, góð samskipti og hægt að komast að niðurstöðu um mál án átaka
- Fjarfundir eru taldir heppilegir í bland við staðfundi
- Talið skynsamlegt að funda markvisst á mismunandi stöðum á Suðurlandi
- Rætt um að einn fund hjá sveitarstjórnum á haustin og einn á vorin geti hentað vel
- Samnýta þá fundina og hitta fleiri sveitarfélög á svæðinu saman ef hægt er
- Ánægja er almennt með upplýsingar um fundi, gögn fyrir fund og fundargerðir
- Hvatt til þess að fólk komi með málefni fyrir fundina
- Verkaskipting rædd og talið skynsamlegt að skoða hvernig hægt er deila út ábyrgð/umsjón með málum – dæmi lykiláherslurnar sem hægt væri að setja upp ábyrgðarmenn/sellur fyrir
- Rætt um tengsl við þingmenn og hvernig hægt er að tengja þá betur við málefni sveitarfélaganna á Suðurlandi – talið mikilvægt að ná betri tengslum þar
- Einnig rætt um að ekki þurfi alltaf að hugsa fundi staðbundið heldur geti verið skynsamlegt að taka netfundi – t.d. með þingmönnum á Alþingi
- Umræður um hvort tengsl við Alþingi séu ekki á höndum formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra – rætt að gott væri að fleiri gætu tekið þátt og þá tengt ákveðnum málefnum

# Viðauki 3 – Skapalón og dæmi um framsetningu lokaskjals

## Skapalón

### Niðurstöður XX-nefndar

Miðast skal við að niðurstöður rúmist á hámark 2 síður.

**Helstu áskoranir eða tækifæri í tengslum við málefni nefndar**

*Nokkrar setningar...*

**Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023**

- *Ársþing SASS skorar á ....... að ..............................*
- *Ársþing SASS hvetur ....... að ..............................*
- *o.s.fr...*

**Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS**

- Nefndin leggur til við stjórn SASS að ..............................
- *Atvinnumálanefnd leggur til við stjórn SASS að ..............................*
- *o.s.fr...*

**Forgangsröðun nefndar á lykiláherslum stjórnar SASS 2023 – 2024**

1. *Bætt heilbrigðisþj....*
2. *o.s.fr.*
3. *...*
4. *...*
5. *...*

## Dæmi um framsetningu

***Lokaskjal atvinnumálanefndar fyrir ársþingið 2022 er gott dæmi um frágang sem SASS leitast eftir:***

**Ályktanir atvinnumálanefndar fyrir ársþing SASS 2022**

*Ársþing SASS skorar á umhverfis- orku- og loftlagsráðherra að jafna raforkuverð og auka afhendingaröryggi á svæði sem eru skilgreind sem dreifbýli á Suðurlandi þrátt fyrir að vera nærri uppsprettu orkunnar.*

*Ársþing SASS skorar á innviðaráherra að halda áfram að efla og styrkja uppbyggingu á húsnæðismarkaði á Suðurlandi sem styður þannig við atvinnuuppbyggingu og búsetu.*

*Ársþing SASS skorar á matvælaráðherra að styðja við nýliðun í matvælaframleiðslu ásamt því að efla stuðning við nýsköpun og fullvinnslu í heimabyggð.*

*Ársþing SASS hvetur innviðaráðherra til að fjölga vinnusóknarsvæðum á Suðurlandi um eitt á Suðurlandi, úr sex í sjö þannig að styðja megi betur við atvinnu- og byggðaþróun á fjölmennasta svæðinu.*

**Tillögur atvinnumálanefndar fyrir stjórn SASS**

*Atvinnumálanefnd leggur til við stjórn SASS að skipaður verði byggðaþróunarfulltrúi á atvinnusóknarsvæði eitt í sem hæstu starfshlutfalli. Nefndin er fylgjandi því að atvinnusóknarsvæðum á Suðurlandi verði skipt upp í sjö í stað sex sem nú þegar er.*

*Atvinnumálanefnd leggur til við stjórn SASS að byggðaþróunarfulltrúar á Suðurlandi verði vel sýnilegir og í góðum tengslum við atvinnulífið og samfélagið.*

*Atvinnumálanefnd leggur til við stjórn SASS að hvetja til við uppbyggingu og sýnileika á hleðslustöðvum um Suðurland.*

*Atvinnumálanefnd leggur til við stjórn SASS að beita sér fyrir niðurfellingu á VSK vegna uppbyggingu á innviðum (dæmi vatnslögn til Eyja).*

**Forgangsröðun atvinnumálanefndar á lykiláherslum 2022 – 2023**

*1. Bætt heilbrigðisþjónusta*
*2. Lausnir á úrgangsmálum sveitarfélaga á Suðurlandi*
*3. Endurskoðun á samgönguáætlun SASS*
*4-5. Tengja íbúa af erlendum uppruna betur við samfélagið*
*4-5. Aukið framboð fjarnáms og menntunarstig með áherslu á ferðaþjónustu*

# Viðauki 4 – Nefndarmenn allra nefnda

| Allsherjarnefnd: | | |
|---|---|---|
| Árni Eiríksson, formaður | Flóahreppur | arni@floahreppur.is |
| Þórður Freyr Sigurðsson, starfsmaður | SASS | thordur@sass.is |
| Valtýr Valtýsson | Ásahreppur | valtyr@asahreppur.is |
| Sigurjón Andrésson | Sveitarfélagið Hornafjörður | sigurjon@hornafjordur.is |
| Guðrún S. Magnúsdóttir | Bláskógabyggð | gudruns@blaskogabyggd.is |
| Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir | Hveragerðisbær | dagny.sigurbjornsdottir@hveragerdi.is |
| Árný Hrund Svavarsdóttir | Rangárþing eystra | arnys@rang.is |
| Jóhannes Gissurarson | Skaftárhreppur | oddviti@klaustur.is |
| Bjarni H. Ásbjörnsson | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | bjarnihas@skeidgnup.is |
| Sigurjón Vídalín Guðmundsson | Sveitarfélagið Árborg | sigurjon.vidalin@arborg.is |
| Grétar Ingi Erlendsson | Sveitarfélagið Ölfus | gretar@olfus.is |
| Hjördís Edda Olgeirsdóttir | Sveitarfélagið Hornafjörður | hjordis@hornafjordur.is |
| Ásgerður K. Gylfadóttir | Sveitarfélagið Hornafjörður | asgerdur@hornafjordur.is |
| Daði Geir Samúelsson | Hrunamannahreppur | dadi@fludir.is |
| | | |
| **Atvinnumálanefnd** | | |
| Arnar Freyr Ólafsson, formaður | Sveitarfélagið Árborg | arnarfo@arborg.is |
| Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, starfsmaður | SASS | gudrun@sass.is |
| Ásta Stefánsdóttir | Bláskógabyggð | asta@blaskogabyggd.is |
| Þráinn Ingólfsson | Ásahreppur | thrainn@asahreppur.is |
| Guðni Sighvatsson | Bláskógabyggð | gudni@blaskogabyggd.is |
| Ása Valdís Árnadóttir | Grímsnes- og Grafningshreppur | oddviti@gogg.is |
| Bjarney Vignisdóttir | Hrunamannahreppur | bjarney@fludir.is |
| Njörður Sigurðsson | Hveragerðisbær | njordur.sigurdsson@hveragerdi.is |
| Lilja Einarsdóttir | Rangárþing eystra | lilja@hvolsvollur.is |
| Ellý Tómasdóttir | Sveitarfélagið Árborg | elly.tomasdottir@arborg.is |
| Bragi Bjarnason | Sveitarfélagið Árborg | bragi@arborg.is |
| Ása Berglind Hjálmarsdóttir | Sveitarfélagið Ölfus | asaberglind@gmail.com |
| Hildur Sólveig Sigurðardóttir | Vestmannaeyjabær | hildursi@gmail.com |
| Eyþór Harðarson | Vestmannaeyjabær | eh@isfelag.is |
| | | |
| **Fjárhagsnefnd** | | |
| Einar Freyr Elínarson, formaður | Mýrdalshreppur | sveitarstjori@vik.is |
| Bjarni Guðmundsson, starfsmaður | SASS | Bjarni@sass.is |
| Einar Kristján Jónsson | Skaftárhreppur | sveitarstjori@klaustur.is |
| Jón G. Valgeirsson | Rangárþing ytra | jon@ry.is |
| Ísleifur Jónasson | Ásahreppur | isleifur@asahreppur.is |

| | | |
|---|---|---|
| Björn Þór ólafsson | Mýrdalshreppur | oddviti@vik.is |
| Eggert Valur Guðmundsson | Rangárþing ytra | eggertvalur@ry.is |
| Erla Sigríður Sigurðardóttir | Rangárþing ytra | erlas@ry.is |
| Haraldur Þór Jónsson | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | haraldur@skeidgnup.is |
| Gísli Guðjónsson | Sveitarfélagið Árborg | gisli.g@arborg.is |
| Arna Ír Gunnarsdóttir | Sveitarfélagið Árborg | arna@arborg.is |
| Guðlaug Einarsdóttir | Sveitarfélagið Ölfus | gudlaug@olfus.is |
| Íris Róbertsdóttir | Vestmannaeyjabær | |
| Eyrún Fríða Árnadóttir | Sveitarfélagið Hornafjörður | eyruna@hornafjordur.is |
| | | |

## Mennta- og menningarnefnd

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður | Hveragerðisbær | johanna.yr@hveragerdi.is |
| Katrín Þrastardóttir, starfsmaður | SASS/ART | katrin@isart.is |
| Geir Sveinsson | Hveragerðisbær | geir@hveragerdi.is |
| Íris Róbertsdóttir | Vestmannaeyjabær | iris@vestmannaeyjar.is |
| Nanna Jónsdóttir | Ásahreppur | nanna@asahreppur.is |
| Jón Forni Snæbjörnsson | Bláskógabyggð | jonf@blaskogabyggd.is |
| Helgi Kjartansson | Bláskógabyggð | oddviti@blaskogabyggd.is |
| Eydís Þ. Indriðadóttir | Rangárþing ytra | eydis@ry.is |
| Álfheiður Eymarsdóttir | Sveitarfélagið Árborg | alfheidur.e@arborg.is |
| Helga Lind Pálsdóttir | Sveitarfélagið Árborg | helgalp@arborg.is |
| Kjartan Björnsson | Sveitarfélagið Árborg | kjartan.bjornsson@arborg.is |
| Hrönn Guðmundsdóttir | Sveitarfélagið Ölfus | hronn.gudmundsdottir@olfus.is |
| Páll Magnússon | Vestmannaeyjabær | palli@vestmannaeyjar.is |
| Björgvin Ó. Sigurjónsson | Sveitarfélagið Hornafjörður | bjorgvin@verkhof.is |
| | | |

## Samgöngunefnd

| | | |
|---|---|---|
| Njáll Ragnarsson, formaður | Vestmannaeyjabær | njalliragg@gmail.com |
| Ingvi Már Guðnason, starfsmaður | SASS | ingvi@sass.is |
| Iða Marsibil Jónsdóttir | Grímsnes- og Grafningshreppur | sveitarstjori@gogg.is |
| Hulda Kristjánsdóttir | Flóahreppur | hulda@floahreppur.is |
| Stefanía Hákonardóttir | Bláskógabyggð | stefania@blaskogabyggd.is |
| Björn Kristinn Pálmarsson | Grímsnes- og Grafningshreppur | bjossiborg@gogg.is |
| Sandra Sigurðardóttir | Hveragerðisbær | sandra@hveragerdi.is |
| Anna Huld Óskarsdóttir | Mýrdalshreppur | anna@vik.is |
| Rafn Bergsson | Rangárþing eystra | rafn@hvolsvollur.is |
| Svavar L. Torfason | Rangárþing ytra | svavar@ry.is |
| Ingvar Pétur Guðbjörnsson | Rangárþing ytra | ingvarp@ry.is |
| Sveinn Hreiðar Jensson | Skaftárhreppur | sveinnjensson@gmail.com |
| Helga Jóhanna Harðardóttir | Vestmannaeyjabær | hehardar@gmail.com |

| | | |
|---|---|---|
| **Umhverfis- og skipulagsnefnd** | | |
| Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, formaður | Rangárþing ytra | margretharpa@ry.is |
| Elísabet Björney Lárusd., starfsmaður | SASS | elisabet@sass.is |
| Aldís Hafsteinsdóttir | Hrunamannahreppur | aldis@fludir.is |
| Anton Kári Halldórsson | Rangárþing eystra | anton@hvolsvollur.is |
| Anna Greta Ólafsdóttir | Bláskógabyggð | annagreta@blaskogabyggd.is |
| Elín Höskuldsdóttir | Flóahreppur | elin@floahreppur.is |
| Tómas Birgir Magnússon | Rangárþing eystra | tomasbm74@gmail.com |
| Þórunn Dís Þórunnardóttir | Rangárþing ytra | disa@ry.is |
| Auður Guðbjörnsdóttir | Skaftárhreppur | audurbulandi@gmail.com |
| Þórhildur Dröfn Ingvadóttir | Sveitarfélagið Árborg | thorhildur.i@arborg.is |
| Erla Sif Markúsdóttir | Sveitarfélagið Ölfus | erlasif@olfus.is |
| Gísli Stefánsson | Vestmannaeyjabær | gisli@landakirkja.is |
| Jóna Sigríður Guðmundsdóttir | Vestmannaeyjabær | jonasigridurg@simnet.is |
| | | |
| **Verlferðanefnd** | | |
| Brynhildur Jóndóttir, formaður | Sveitarfélagið Árborg | brynhildurj@arborg.is |
| Harpa Elín Haraldsdóttir, starfsmaður | SASS/Kötlusetur | kotlusetur@vik.is |
| Elliði Vignisson | Sveitarfélagið Ölfus | ellidi@olfus.is |
| Sólmundur Sigurðarson | Bláskógabyggð | solmundurm@gmail.com |
| Walter Fannar Kristjánsson | Flóahreppur | walter@floahreppur.is |
| Ragnheiður Eggertsdóttir | Grímsnes- og Grafningshreppur | radda@gogg.is |
| Jón Bjarnason | Hrunamannahreppur | jonbjarna@fludir.is |
| Páll Tómasson | Mýrdalshreppur | pall@vik.is |
| Karen Óskarsdóttir | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | karen@skeidgnup.is |
| Sveinn Ægir Birgisson | Sveitarfélagið Árborg | sveinn.b@arborg.is |
| Fjóla St. Kristinsdóttir | Sveitarfélagið Árborg | fjolask@gmail.com |
| Gauti Árnason | Sveitarfélagið Hornafjörður | gauti@hornafjordur.is |
| Harpa Magnúsdóttir | Flóahreppur | harpa@floahreppur.is |